



Minnisblað – Arnarstapi, dýpkun

Til: Hafnarsjóður Snæfellsbæjar, Björn Arnaldsson hafnarstjóri

Frá: Vegagerðin, Rob Kamsma og Sigurður Áss Grétarsson

Dags: 17. maí 2016

Varðar: Dýpkun í Arnarstapahöfn

Inngangur:

Að beiðni hafnarstjóra Snæfellsbæjar, Björns Arnaldssonar hefur verið skoðaður möguleiki á dýpkun í Arnarstapahöfn og unnin kostnaðaráætlun vegna dýpkunar. Ástæðan fyrir nauðsyn dýpkunar er fjölgun stórra báta. Þrengslin í höfninni er orðið vandamál þar sem stærðin á svæðinu innan hafnar sem er með fullu dýpi er allt of lítið. Stóru bátarnir sem eru um 15,0 m. langir og allt að 30,0 bt. að stærð eru orðnir níu talsins og er nauðsynlegt að stækka svæðið. Þá má geta þess að oft eru um 20 smábátar í höfninni á Arnarstapa til viðbótar við þessa stóru báta og augljóst er að þrengslin eru mikil og vandræðaástand hefur oft skapast þar. Það hafa orðið tjón á bátum í höfninni vegna þrengsla í slæmu veðri.

Þá má benda á öryggisatriði Arnarstapahafnar, þar sem engin höfn er á svæðinu frá Akranesi til Rífs og skiptir þá máli að hafa örugga höfn á svæðinu sem m.a. þessir stóru bátar geta komist inn í og legið þar vandræðalaust.

Niðurstöður:

Árið 2015 var gerð tillaga um dýpkun miðað við -2,0 m. dýpi en það er orðið allt of tæpt fyrir þessa stóru báta í dag. Þar sem þessar dýpkunarframkvæmdir eru kostnaðarsamar og mörgu leyti hagfelldara að vanda til verks og dýpka sjaldnar er skynsamlegast að dýpkað verði í -3,0 m. á því svæði sem stóru bátarnir eru að athafna sig innan hafnar. Dýpkunarsvæðið þarf að ná 50,0 m. út fyrir bryggjukant næst landi og verður ekki dýpkað nær bryggju en 3,0 m. frá bryggjukanti.

Tillaga:

Teikning B-8939 sýnir dýpkunarsvæði í -3,0 m. dýpi og er heildar dýpkunarsvæðið um 3.000 m² og áætlað magn um 4.250 m³. Um er að ræða klapparbotn og þarf að sprengja (eða fleyga) fyrir dýpkun. Gert er ráð fyrir að ofan á núverandi botni sé um 30 til 50 cm. lag af lausu efni sem verður fjarlæggt með mokstri.

Dýpkunarsvæðinu er skipt upp í tvö svæði. Svæði 1 þar sem dýpi er minna en -2,5 m. og þarf að fleyga allt svæðið. Svæði 2 er svæði með núverandi dýpi í -2,5 m. eða meira og skal það mokað niður í -3,0 m. eða fastan botn.

Áætlaður heildar kostnaður við dýpkun er um 35,0 milj. kr. með vsk og 15% ófyrirséð. Fjárveiting ríkisins er 60% að frádregnum skatti eða um 16,9 m.kr.

Fjármögnun:

Lagt er til að koma viðkomandi verki inn á samgönguáætlun 2015-18 og vinna það 2016, og skerða á mótí fjárveitingu í endurbyggingu stálpils á Í Rifshöfn 2016 um sömu upphæð.



Landmælingar: Vegagerðin
 Hnitakerfi: ISN93 Hæðarkerfi: Landshæðarmet
 Loftmyndataka og myndmæling: Loftmyndir ehf.
 Flughæð: 3000 m Mörskvastærð: 10x10 m.
 Kortagerð: Vegagerðin



Vegagerðin		Amarstapi	OH378-03
MELIKV A1	Hannað S.A.G./R.K.	Dýpkun	
1:200	Telkn. R.K.	Grunnmynd	1 af 1
MELIKV A3	Samþ.	Tillaga dýpkunarplan	B-8939
1:400	Dags. jan 2016		